

Ársskýrsla UN WOMEN á Íslandi 2017



UN Women í þágu kvenna og stúlkna

Konur og stúlkur eru helmingur mannkyns, þar af helmingur alls afls í heiminum. Jafnrétti kynjanna snertir okkur öll og eru því grundvallarmannréttindi sem ber að tryggja, rétt eins og aðgengi að menntun eða vatni.

UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur eingöngu í þágu kvenna og jafnréttis um heim allan og var stofnuð árið 2011. Starfsemi er eingöngu byggð á frjálsum framlögum aðildaríkja SP, einkaaðila og frjálsra félagasamtaka. Landsnefndir UN Women starfa í fimmtán löndum að því að vekja athygli almennings á þörfum kvenna í fátækum löndum og starfi UN Women, afla fjár til starfsins og hvetja ríkisstjórnir sínar til að taka þátt í því. Landsnefnd UN Women á Íslandi er ein slíkra landsnefnda og sendir nú annað árið í röð hæsta framlag, allra landsnefnda, til verkefna UN Women víða um heim.



Ávarp utanríkisráðherra



Ég segi stundum: Við getum ekki tekist á við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir með hálfskipað lið á vellinum; við náum alltaf betri árangri með fullskipað lið.

Jafnréttismál eru mér ekki aðeins hugleikin vegna þess að ég vil hafa allt liðið inni á vellinum heldur lít ég á jafnrétti kynjanna sem skilvirkustu og skynsömustu leiðina til framfara í samfélaginu. Orðræðan hefur á köflum verið þannig að jafnrétti snúist nær eingöngu um valdeflingu kvenna, en þá er aðeins hálf sagan sögð. Jafnrétti snýst um jöfn tækifæri bæði kvenna og karla.

Þegar við lítum aðeins fáeina áratugi um öxl sjáum við öll að í jafnréttismálum hefur margt áunnist. Við sjáum ekki aðeins öflugri og áhrifameiri konur á fleiri sviðum samfélagsins en áður. Við sjáum líka karla í hlutverkum sem áður fyrr voru ekki talin sæma nokkrum karlmanni. Feður ungra manna sem ýta á undan sér barnavögnum hefðu á sama aldri seint farið í þeirra spor. Það hefði einfaldlega þótt *ókarlmannlegt*, eins og sagt var á þeim tíma. Sama lýsingarorð var notað um drengi sem felldu tár; þeir áttu að vera sterkir, harðir í horn að taka og sýna engin veikleikamerki.



Útgefandi: Landsnefnd UN Women á Íslandi
Forsíðumynd: Daniel Freyr Atlason
Myndir: Björg Gunnarsdóttir, Daniel Freyr Atlason, Hörður Ásbjörnsson, Saga Sig og myndir úr safni UN Women og Sameinuðu þjóðanna.
Hönnun og umbrot: Oddi

Nú vitum við að þessi viðhorf til drengja höfðu skaðleg áhrif. Staðalímyndir um karlmennsku mótuðu líf margra kynslóða, karlar leituðu síður en konur til læknis, karlar töluðu síður um tilfinningar en konur og fleiri karlar tóku eigið líf en konur. Þessar staðalímyndir um karlmennsku eru ekki horfnar en þær eru á undanhaldi. Karlar sem búa í samfélögum þar sem jafnrétti er í öndvegi lifa lengur. Feður sem taka feðraorlof tengjast börnum sínum að jafnaði sterkum böndum.

Í utanríkisráðuneytinu höfum við staðið fyrir svokölluðum rakarastofuviðburðum á síðustu árum. Upphaflega var rakarastofan framlag Íslands í vitundarvakningu HeForShe átaksins. Það snerist um að efla rödd karla í þágu jafnréttis, vekja þá til umhugsunar um hag allra af jafnara þjóðfélagi og síðast en ekki síst að fá karla til að sýna konum samstöðu í jafnréttisbaráttunni. Rakarastofur hafa verið haldnar hjá nokkrum alþjóðastofnunum og nýlega á Alþingi – að sjálfsögðu í góðu samstarfi við landsnefnd UN Women á Íslandi.

Staða Íslands í jafnréttismálum á heimsvísu er með þeim ágætum að það eru forréttindi að fá að tala fyrir Íslands hönd um jafnrétti á alþjóðavettvangi. Á síðasta ári voru Íslendingar níunda árið í röð í efsta sæti Alþjóðaeftahagsráðsins um stöðu kynjajafnréttis í heiminum. Það er því eðlilega horft til okkar sem fyrirmyndar og við erum reiðubúin að leiða áframhaldandi framgang á þessu sviði. Þetta fékk ég til dæmis staðfest á fundum með aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdastýru UN Women í New York fyrir nokkru.

Við það tækifæri skrifaði ég undir rammisamning við UN Women um áframhaldandi samstarf íslenskra stjórnvalda við samtökin. Íslensk stjórnvöld hafa heilshugar stutt starfsemina með kjarnaframlögum, en einnig með framlögum sem renna meðal annars til verkefna í Mósambík, Afganistan, Palestínu og til flóttamannabúða í Jórdaníu, auk þess sem allmargir íslenskir starfsmenn hafa verið sendir utan til starfa á vegum UN Women.

Í öllu starfi utanríkisráðuneytisins er lögð áhersla á jafnrétti og valdeflingu kvenna og fimmta Heimsmarkmiðið um jafnrétti kynjanna er í fyrirrúmi hvort sem um er að ræða þróunarsamvinnu, alþjóðleg viðskiptamál eða varnarmál. Með þeirri áherslu trúi ég því að við getum skapað farsælli heim og geri orð Antóníu Guterres, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að mínum þegar hann segir að stærsta ólokna verkefni heimsins sé að tryggja jafnrétti kynjanna.

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Ávarp formanns



Þrátt fyrir að mannréttindasáttmálar og stjórnarskrár flestra ríkja kveði á um að konur og stúlkur eigi að njóta sömu réttinda og karlmenn, standa konur hvergi í heiminum jafnfætis karlmönnum á öllum sviðum samfélagsins. Hins vegar í þeim samfélögum þar sem konur og stúlkur hafa greiðan aðgang að heilsugæslu, menntun, stjórnmálum og atvinnu ríkir meiri friður og þar er minna um fátækt og ofbeldi. Þegar konur njóta sömu tækifæra og karlmenn blómstra samfélög og hagvöxtur eykst.

Tilgangur landsnefndar UN Women á Íslandi er fyrst og fremst að afla fjár til verkefna UN Women og vekja athygli landsmanna á starfsemi UN Women og stöðu kynjajafnréttis í heiminum. Með þessu móti styðjum við verkefni UN Women um heim allan sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum, efla réttindi þeirra og þátttöku í stjórnmálum, ýta undir efnahagslega valdeflingu kvenna ásamt því að tryggja að þörfum kvenna og stúlkna sé mætt í neyð.

Landsnefnd UN Women á Íslandi vinnur að þessum markmiðum á fjölbreytta vegu og má þar nefna heimssókn landsnefndarinnar árið 2017 í

flóttamannabúðir í Zaatari í Jórdaníu þar sem hún kynnti sér starfsemi UN Women í búðunum. UN Women starfrækir griðastaði í búðunum þar sem konur og börn eru óhult. Þessir griðastaðir eru lýsandi fyrir starf UN Women um heim allan, þar er spornað við ofbeldi gegn konum og þær valdefldar eftir fremsta mætti með því að veita þeim atvinnutækifæri og menntun sem og daggæslu fyrir börn þeirra. Í kjölfar heimsóknar íslensku landsnefndarinnar fór fram þrotlaus vinna á skrifstofunni við að setja af stað herferð til að safna fjármunum fyrir griðastaðina. Það var ótrúlega ánægjulegt að fá að taka þátt í þeirri vinnu og sjá það óeigingjarna starf sem fram fer á skrifstofunni. Afrakstur vinnunnar var frábær en Zaatari herferðin var sú stærsta sem landsnefndin hefur framkvæmt frá upphafi og söfnuðust rúmlega 18 milljónir króna í herferðinni.

Árið 2017 markar tímamót í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og munu þær framfarir sem áttu sér stað vonandi bæta líf kvenna og stúlkna í heiminum til framtíðar. Fjöldi minnisverðra atburða og lagabreytinga konum og stúlkum í hag víða um heim áttu sér stað og voru verkefni UN Women ærin á árinu. UN Women barðist gegn barnahjónaböndum í Malaví og víðar, þrýst var á lagaumbætur víða til að tryggja réttindi kvenna og stúlkna, stofnunin barðist gegn limlestingum á kynfærum kvenna, studdi við konur á flóttu og konur í dreifbýli m.t.t. breyttra aðstæðna í landbúnaði vegna loftlagsbreytinga. Síðast en ekki síst hófst hin magnaða #MeToo bylting á árinu, þegar konur risu upp og hófu að segja frá kynferðislegri áreitni, mismunun og kynferðisbrotum sem þær hafa þurft að þola fyrir það eitt að vera konur.

Vitundarvakning er veigamikill hluti af starfi landsnefndarinnar og var innanlandsstarf öflugt á árinu 2017 eins og nánar er lýst hér í ársskýrslunni. Ungmennaráðið hélt áfram sínu kröftuga starfi og stóð fyrir fjölmörgum viðburðum. Alþjóðleg HeForShe hreyfing UN Women heldur áfram að vaxa á Íslandi og hafa nú um fimmtán þúsund manns skráð sig í hreyfinguna sem hvetur sérstaklega karlmenn til að láta til sín taka í baráttunni fyrir kynjajafnrétti.

Framlag landsnefndar til verkefna UN Women um allan heim hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Árið 2017 var engin undantekning og jókst framlagið um 40% milli árána 2016 og 2017. Sífellt fleiri bætast í hóp mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna sem sýnir fyrst og fremst að almenningi hér á landi er umhugað um hag og bága stöðu kvenna víða um heim.

Landsnefndin er þakklát fyrir þann stuðning sem einstaklingar, fyrirtæki, stjórnvöld og samstarfsaðilar hafa veitt. Hvert framlag skiptir máli, stórt sem smátt. Íslenska landsnefndin er ein af fimmtán landsnefndum UN Women. Á árinu 2017 náði landsnefndin að safna 94 milljónum íslenskra króna sem runnu til verkefna UN Women um heim allan. Íslenska landsnefndin safnaði mest, óháð höfðatölu, allra landsnefnda UN Women. Þessum góða árangri Íslendinga ber að fagna en varpar á sama tíma ljósi á þá litlu áherslu sem lögð hefur verið á málaflokkinn og hve fjárfveltur hann er á heimsvísu. Það er einlæg von mín að við höldum áfram að skara fram úr á þessu sviði og að starf landsnefndarinnar sé á sama tíma hvatning fyrir aðrar þjóðir til að valdefla systur okkar í neyð úti í hinum stóra heimi.

Arna Grímsdóttir

Efnisyfirlit

5	Fjáröflun
8	Vitundarvakning
11	Kynningarstarf og fræðsla
13	Samstarf við stjórnvöld
14	Fjármál
15	Overview
17	Við erum UN Women

Fjáröflun



Landsnefndin reiðir sig á frjáls framlög til að veita konum og börnum um allan heim tækifæri til betra lífs og hefur fjöldi framlaga aukist stöðugt frá ári til árs. Með ómetanlegum stuðningi dygggra stuðningsmanna og -kvenna, sem styrktu verkefni UN Women um allan heim, sendi landsnefndin hæsta fjárframlag allra 15 landsnefnda til verkefna UN Women á árinu. Samtökunum bárust á árinu þúsundir stakra styrkja frá einstaklingum, samtökum og fyrirtækjum, að ógleymdum mánaðarlegum framlögum rúmlega sex þúsund styrktaraðila.

Framlög styrktaraðila runnu í fjölbreytt verkefni UN Women í ár og skiptust framlögin í fjóra hluta. Rúmum þriðjungum framlaga, eða 38%, var varið í kjarnaframlög UN Women. Kjarnaframlög tryggja fjárhagslegan grunn verkefna sem samtökin sinna sem og tryggja stuðning við konur í neyð, svo sem í kjölfar náttúruhamfara. Tæpur fjórðungur rann í verkefni Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis, 40% runnu svo jafnt til verkefnisins Öruggar borgir, sem miðar að því að útrýma hvers kyns ofbeldi gegn konum og stúlkum í almannarýmum og til kvenna í Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu sem miðar að því að veita sýrlenskum konum á flótta áfallahjálp, öryggi, atvinnutækifæri og daggæslu fyrir börn þeirra.



Mánaðarlegir styrktaraðilar

Mánaðarleg framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum eru landsnefndinni dýrmæt og hafa mánaðarlegir styrktaraðilar síðastliðin ár verið hjartað í starfsemi samtakanna.

Yfir þúsund manns bættust í þann stóra hóp sem styrkir samtökin með mánaðarlegum framlögum og eru mánaðarlegir styrktaraðilar nú yfir 6.200 talsins. 75 prósent nýrra styrktaraðila

voru konur og 25 prósent karlar. Þrír af hverjum fjórum eru búsettir í Reykjavík eða nágrannasveitarfélögum.

Á þessu ári, líkt og á því síðasta, fór yfir helmingur nýskráninga fram í gegnum símtöl til landsmanna en símaver UN Women var starfrækt alla mánuði ársins, að sumrinu utan-skildu. Þriðjungur nýskráðra skráði sig hjá götukynnum landsnefndarinnar á höfuðborgarsvæðinu yfir sumartím-

Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum (e. UN Trust Fund to End Violence against Women): Markmið sjóðsins er að uppræta ofbeldi gegn konum, meðal annars með því að auka aðgengi þolenda að viðeigandi þjónustu og stuðla að sterkari löggjöf um ofbeldi gegn konum. Styrktarsjóðurinn leggur áherslu á að styðja við grasrótarsamtök sem berjast fyrir bættri stöðu kvenna í gegnum fjölbreytt verkefni. Sjóðurinn fjármagnar yfir 100 verkefni víðsvegar um heim á ári hverju sem hafa bein áhrif á líf 180 þúsund kvenna. Sem dæmi um verkefni má nefna fræðslu ætlaða bæði strákum og stelpum í Kyrgyzstan með það að markmiði að binda endi á þvinguð hjónabönd og brúðarstuld.

Konur á flótta í Zaatari: Samtökin lögðu áherslu á að auka lífsgæði kvenna á flótta frá Sýrlandi sem halda nú til í Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu. Stuðningurinn nýttist til áframhaldandi starfsemi griðastaða UN Women í flóttamannabúðunum þar sem konur fá vernd, öryggi, áfallahjálp, atvinnutækifæri og daggæslu fyrir börnin sín.

Kjarnaframlög (e. Core contributions): Með kjarnaframlögum getur UN Women haldið á lofti verkefnum sem hafa lítinn fjárhagslegan stuðning, nýtt framlög þar sem þörfin er mest hverju sinni og síðast en ekki síst veitt neyðaraðstoð miðaða að þörfum kvenna komi til náttúruhamfara, eða vegna stríðs og farsóttta. Til dæmis má nefna dreifingu sæmdarsetta, dömubinda og sápa, í kjölfar aurskriðu sem féll í Sierra Leone síðastliðið haust.

Öruggar borgir (e. Safe Cities Global Initiative): Markmið verkefnisins er að skapa konum öruggt líf í borgum án ótta við ofbeldi ásamt því að vekja athygli á ávinningi kynjajafnréttis innan samfélaga. Unnið er náið með borgaryfirvöldum og frjálsum félagasamtökum og þannig leitast við að móta öruggt og traust umhverfi fyrir alla. Dæmi um verkefni er þróun snjallsímaforrits sem auðveldar konum í Mexíkóborg að tilkynna ofbeldi og áreitni sem þær verða fyrir í almenningssamgöngum.

ann. Kraftmikið hlutastarfsfólk fjáröflunarteymisins veitir landsnefndinni öfluga rödd og gerir henni kleift að eiga innihaldsrík og fræðandi samtöl við landsmenn um kynjajafnrétti, og var þeim vel tekið hvort sem var í gegnum síma eða í eigin persónu.


Landsnefndin kappkostar að eiga góð samskipti við styrktaraðila sína og aðra velunnara. Fljótlega eftir skráningu fá nýir styrktaraðilar upplýsingar um verkefnin sem þeir styrkja. Þeir styrktaraðilar sem það kjósa fá send regluleg fréttabréf með upplýsingum um sigra í baráttunni fyrir kynjajafnrétti ásamt upplýsingum um yfirstandandi herferðir, söluvarning og viðburði sem eru framundan.

Fokk ofbeldi húfan


Árlegt Fokk ofbeldi átak landsnefndarinnar var keyrt af stað 10. febrúar og stóð í tvær vikur. Þetta árið var húfan steingrá að lit og seldist upp á skömmum tíma. Ágóði söluunnar rann til verkefna UN Women sem heitir Öruggar borgir (*Safe Cities Global Initiative*). Húfan kostaði 4.500 krónur og fékkst í takmörkuðu upplagi á heimasíðu samtakanna á www.unwomen.is og í verslunum Vodafone. Vodafone stóð straum



Nýir styrktaraðilar 2017



■ Kona ■ Karl



■ Reykjavík ■ Nágrenni Rvk ■ Landsbyggð

af framleiðslukostnaði húfunnar svo allur ágóði rann til verkefnisins. Við lok átaks efndi landsnefndin í samstarfi við Vodafone til uppboðs á þremur einstökum Fokk ofbeldi húfum með tvísti. Erna Einarsdóttir yfirhönnuður Geysis, Hildur Yeoman fatahönnuður og myndlistarkonan Elín Hansdóttir hönnuðu sérstakar útgáfur af húfunni sem boðnar voru upp á uppboði í Kringlunni sem allar seldust hæstbjóðendum.

Samstarf við Joe & the Juice

Joe & the Juice og UN Women á Íslandi leiddu saman hesta sína í sameiginlegu átaki dagana 18.-31. janúar. Í átakanu var skorað á viðskiptavinum Joe & the Juice að bæta 100 krónum við djúsinn auk þess sem Joe & the Juice jöfnuðu þá upphæð með því að bæta öðrum 100 krónum við hvern seldan drykk. Rúmlega 5.000 djúsar seldust til styrktar UN Women og rann ágóðinn óskiptur til verkefna UN Women sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum.



empwr

Empwr peysan til styrktar UN Women

Íslenska barnafatamerkið iglo+indi hannaði peysu fyrir bæði börn og fullorðna til styrktar UN Women. Af því tilefni héldu iglo+indi og UN Women á Íslandi empwr party á Geira Smart þann 1. júní þar sem sala á peysunni hófst. Fullorðinspeysan seldist upp í partyinu og barnapeysan seldist upp á örfáum dögum. Ágóði sölunnar rann til styrktar reksturs griðastaða UN Women fyrir konur á flóttu í Kamerún. Mynstur peysunnar á uppruna sinn að rekja til Kamerún og táknar peysan valdeflinguna sem konur á flóttu hljóta á griðastöðum UN Women.



Páskaegg UN Women

Í fyrsta skipti ákvað UN Women á Íslandi að hefja sölu á raf-rænu, táknrænu páskaeggi fyllt með vernd, öryggi og sálrænni aðstoð fyrir konur á flóttu í Mósúl, Írak. Rán Flygenring hannaði páskaegg UN Women en með fylgdi páskaskraut sem hægt var að prenta út, skreyta og hengja upp. Páskaeggið kostaði 1.900 krónur og fékkst á heimasíðu samtakanna.



HVAÐ VAR
MAMMA ÞÍN
GÖMUL?

♥ Sendu sms-ið **KONUR** í 1900 (1.000kr.)

Önnur hver kona í Malaví gift fyrir 18 ára aldur

Fyrr á árinu var veigamikið jafnréttis-skref stigið til fulls í Malaví þegar laga-breyting sem kveður á um hækkun giftingaraldurs stelpna og stráka úr 15 árum í 18 ár var fest í stjórnarskrá. Þar með voru þvinguð barnabruk-kaup með öllu bönnuð í Malaví. Í tilefni af mæðradeginum 12. maí hvatti UN Women á Íslandi almenning til að taka þátt í að uppræta barnahjónabönd í Malaví með því að senda sms-ið KONUR í 1900 (1.000 kr.) í nafni mömmu.

Reykjavíkumaraþon

Að vanda hljóp stór hópur hlaupara í nafni UN Women á Íslandi í Reykjavíkumaraþoninu. Hvatningarstöð samtakanna var á sínum stað við Eiðsgranda þar sem velunnarar UN Women hvöttu hlaupara samtakanna til dáða sem söfnuðu yfir hálfri milljón með því að safna áheitum á vefnum og samfélagsmiðlum.

Vitundarvakning

Konurnar í Zaatari

Í byrjun nóvember efndi íslenska landsnefndin til sms-neyðarsöfnunar í þágu sýrlenskra kvenna á flótta sem halda til í Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu. UN Women á Íslandi fór fyrst allra landsnefnda UN Women á vettvang verkefna samtakanna til að taka upp eigið efni í spetember. Á griðastöðunum eru konur öruggar, fá atvinnutækifæri, menntun og daggæslu fyrir börn sín. Vegna þeirra mörg hundruð kvenna sem eru á biðlista eftir menntun og atvinnu á griðastöðum UN Women efndi landsnefndin til sms-neyðarsöfnunar og hvatti Íslendinga til að leggja konum á flótta lið. Þriggja manna tökuteymi á vegum hönnunarstofunnar Döðlur fór út ásamt tveimur starfskonum skrifstofu, Evu Maríu Jónsdóttur verndara UN Women á Íslandi og Forsetafrú Íslands, Elizu Reid. Gerð voru fimm myndbönd sem sögðu sögur kvenna sem teymið hitti og ræddi við í flóttamannabúðunum auk þess sem stutt sjónvarpsauglýsing var gerð. Landsnefndin opnaði einnig ljósmyndasýningu í Kringlunni auk þess sem strætóskýli við Lækjargötu var breytt í flóttamannatjald til að vekja enn frekari athygli á áttakinu. Myndböndin fengu mikla dreifingu á Netinu. Eliza Reid og Eva María Jónsdóttir, fönguðu athygli fjölmiðla og fjöldi fólks lagði áttakinu lið og sendi sms-ið KONUR í 1900 og veitti þar með





sýrlenskum konum á flóttu atvinnu, öruggt skjól og nýtt upphaf.

Einnig gerðust tæplega fimm hundruð manns mán-

aðarlegir styrktaraðilar UN Women á Íslandi. Í kjölfar átaksins hófst sala á jólagjöf UN Women, Mömmupakka fyrir nýbakaða móður í Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu sem innihélt burðarrúm, hlý ungbarnaföt og ullarsjal fyrir mömmuna. Fylgjendum á Facebook fjölgaði um eitt þúsund manns á meðan á herferð stóð. Alls söfnuðust 18 milljónir íslenskra króna með sms-söfnuninni og sölu jólagjafar UN Women. Er þessi herferð UN Women á Íslandi sú og árangursríkasta sem samtökin hafa efnt til.

Milljarður rís

Hin árlega dansbylting UN Women á Íslandi var haldin í fimmta sinn þann 17. febrúar. Þetta árið var minning Birnu Brjánsdóttur heiðruð. Dansað var að vanda víða um land; í Reykjavík, Akureyri, Rífi Snæfellsnesi, Ísafirði, Seyðisfirði, Reykjanesbæ, Neskaupstað, Hvammstanga, Borgarnesi, Egilstöðum og á Höfn í Hornafirði. Dj Margeir hélt uppi stuðinu í Hörpu, Elsa Yeoman borgarfulltrúi ávarpaði dansbyltinguna í upphafi í Reykjavík og voru bæjarstjórar kynnar á viðburðinum á landsbyggðinni. Óvæntar stjórnur stígu á stökk en Svala Björgvins tók gamla Scope slagarann *Was That All It Was* við mikinn fögnuð viðstaddra í Hörpu. Metþátttaka var á Milljarði rís árið 2017 og sameinuðust um 3.500 manns víða um land og dönsuðu gegn kynbundnu ofbeldi.

Ljósaganga #Höfumhátt

Hundruðir mættu í Ljósagöngu UN Women sem fór fram á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Dagurinn markar upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem UN Women á Íslandi ásamt öðrum félagasamtökum hér á landi eru í forsvari fyrir. Yfirskrift Ljósagöngunnar í ár var – #Höfumhátt. Anna Katrín Snorradóttir, Glódís Tara, Halla Ólöf Jónsdóttir og Nína Rún Bergsdóttir leiddu gönguna og fluttu hugveikju. Þær spiluðu aðalhlutverk í atburðarásinni sem leiddi til ríkisstjórnarslita og var Ljósagangan fyrsta skiptið sem þær komu allar saman síðan #höfumhátt fór af stað fyrr um sumarið eftir að Robert Downey var veitt uppreist æra af íslenskum yfirvöldum. Ljósagangan var tileinkuð þessum fjóru hugrökku konum sem sýndu þjóðinni





Milljarður rís í Hörpu.

fram á mikilvægi þess að hafa hátt og berjast gegn óréttlætinu í þágu þjóðar. Að ræðu þeirra lokinni leiddu þær gönguna að Bríetartorgi þar sem viðstaddir yljuðu sér á kakóballa undir hátíðlegum söng Kvinnakórs Reykjavíkur og Háskólakórsins. Þess má geta að aldrei áður hafa jafn margir tekið þátt í Ljósagöngunni.

Samfélagsmiðlar

Á samfélagsmiðlum fara fram mikilvæg samskipti milli landsnefndar UN Women á Íslandi og almennings. Þar gefst tækifæri til að miðla upplýsingum um verkefni og starf UN Women bæði hér á landi og erlendis. Herferðir samtakanna eru áberandi á samfélagsmiðlum og þar var árið 2017 engin

undantekning. Fylgjendum á Facebook fjölgaði um ríflega 2.700 manns, fyrst og fremst vegna Fokk ofbeldi herferðar í febrúar og Konur á flóttu í Zaatari í nóvember. Í kringum neyðarsöfnun samtakanna fyrir konur í Zaatari fékk burðarmyndband herferðar yfir 6 þúsund deilingar á Facebook og yfir 157 þúsund áhorf.



Verndarar

Eva María Jónsdóttir og Unnsteinn Manuel Stefánsson eru verndarar landsnefndar UN Women á Íslandi. Hlutverk verndara felst í að auka sýnileika UN Women, vekja almenning til vitundar um starfsemi samtakanna og aðstoða UN Women á Íslandi við að ná til fólks í samfélaginu. Verndarar taka þátt í tilteknum viðburðum fyrir hönd landsnefndar UN Women á Íslandi, svo sem fjáröflunum, kynningum, ráðstefnum og öðrum tilfallandi viðburðum. Verndararnir tóku á fjölbreyttan hátt þátt í starfi samtakanna á árinu. Til að mynda slóst Eva María Jónsdóttir í för með teymi á

vegum landsnefndarinnar til Jórdaníu í september þar sem hún hitti fyrir sýrlenskar konur sem flúið hafa stríðið og halda til í Zaatari flóttamannabúðunum. Eva María tók viðtöl við fjölda kvenna og var landsnefndinni innan handar við gerð herferðar samtakanna í kjölfarið. Unnsteinn Manuel sótti til að mynda Barbershop ráðstefnu í Kaupmannahöfn fyrir hönd landsnefndarinnar og kynntist innan frá HeForShe hugmyndafræðinni og beitti sér í kjölfarið fyrir málefnum auk þess sem hann var innan handar við gerð og framkvæmd herferða samtakanna á árinu.

Kynningarstarf og fræðsla

Starfskonur skrifstofu landsnefndarinnar ásamt ungmennaráði UN Women halda úti öflugum kynningarstarfi um verkefni og starfsemi UN Women. Starfsemi landsnefndarinnar var kynnt á árinu fyrir ýmsum félagasamtökum, fyrirtækjum, stofnunum, í grunn- og framhaldsskólum.

Vodafone hlaut Hvatningarverðlaunin

Hvatningarverðlaun jafnréttismála 2017 féllu í skaut Vodafone og voru afhent í fjórða sinn þann 26. september í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Verðlaunin voru afhent á morgunverðarfundi um jafnréttismál undir yfirskriftinni „Hagnýtar leiðir til að auka jafnrétti á vinnustöðum“. Framsögumenn á fundinum voru Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri SFS og Gyða Margrét Pétursdóttir, doktor í kynjafræði og dósent við Háskóla Íslands. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands stýrði fundinum. Hvatningarverðlaunin og fundurinn eru samstarfsverkefni UN Women á Íslandi, Festu miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Samtaka Atvinnulífsins. Markmiðið með Hvatningarverðlauninum er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.



Barbershop verkfærakistan afhent höfuðstöðvum UN Women

Framkvæmda- og kynningarstýrur landsnefndarinnar sóttu 61. Kvennefndarfund Sameinuðu þjóðanna þar sem efnahagsleg valdefling kvenna og kynbundinn launamunur var í forgrunni. Landsnefnd UN Women á Íslandi og íslensk stjórnvöld kynntu Barbershop verkfærakistu í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna sem ætluð er hverjum þeim sem vill hvetja karlmenn til að láta til sín taka í baráttunni fyrir kynjajafnrétti. Verkfærakistan var þróuð af landsnefnd UN Women á Íslandi í samstarfi við íslensk stjórnvöld og afhent HeForShe teymi UN Women

á sérstökum viðburði í höfuðstöðvum SP. Viðburðurinn var ákaflega vel sóttur og þurfti fólk frá að hverfa þar sem fullt var út úr dyrum. Barbershop verkfærakistan veitir nákvæmar leiðbeiningar um skipulagningu ólíkra viðburða sem allir hafa það þó að markmiði að virkja karla til að beita sér fyrir kynjajafnrétti í sínu nærumhverfi. Elizabeth Nyamayaro, sem leiðir HeForShe verkefnið á alþjóðavísu, þakkaði Íslandi fyrir stuðninginn við hreyfinguna og sagði verkfærakistuna mikilvægt framlag til að auka þátttöku karla þegar kemur að baráttunni fyrir kynjajafnrétti. Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi flutti einnig erindi á fundi UNFPA (Mannfjöldasjóðs SP) þar sem ræddar voru leiðir til að hvetja karlmenn í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og hvernig styrkja megi samfélög og þátttöku yfirvalda að slíkum aðgerðum.



Stefán Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vodafone tók við Hvatningarverðlaunum.

Landsnefndafundur UN Women haldinn á Íslandi

Árlega hittast fulltrúar allra landsnefnda UN Women ásamt starfshópi frá höfuðstöðvum í New York til að fara yfir aðgerðaáætlanir og stefnumótun í starfi þeirra í þágu kvenna og kynjajafnréttis um heim allan. Íslenska landsnefndin var gestgjafi fundarins í ár. Fundurinn var haldinn á Suðurlandi og stóð yfir í þrjú daga. Litið var yfir



Landsnefndir UN Women heimsóttu Bessastaði.

farinn veg og áhersla lögð á að læra af því sem vel hefur reynst öðrum landsnefndum. Íslenska landsnefndin er fyrirmynd annarra landsnefnda hvað varðar fjáröflun og var því vel við hæfi að íslenska landsnefndin hýsti fundinn í ár og deildi reynslunni til samstarfsaðila í öðrum löndum. Fundurinn hófst á Kvennafrídeginum, 24. október og af því tilefni tóku Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og forsetafrúin Eliza Reid á móti fulltrúum UN Women á Bessastöðum. Guðni forseti ávarpaði hópinn með hvatningarræðu og sagði frá tímamótum í jafnréttisbaráttunni líkt og þegar Frú Vigdís Finnbogadóttir var kosin forseti og þar með fyrsti þjóðkjörni kvenleiðtogi heims. Jón Gunnarsson samgönguráðherra flutti opunarávarp fundarins en með dyggum stuðningi gerði samgönguráðuneytið landsnefndinni kleift að halda fundinn.

Fræðsla um konur, frið og öryggi

Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi sér um fræðslu friðargæsluliða og annarra útsendra sérfræðinga á vegum íslenska ríkisins líkt og sam-

starfssamningur utanríkisráðuneytisins og landsnefndarinnar segir til um. Fræðslan lítur að jafnréttismálum með

sérstakri áherslu á ályktun öryggisráðs SP nr. 1325, sem varðar konur, frið og öryggi.

Ungmennaráðið

Öflugt ungmennaráð UN Women stóð fyrir mörgum viðburðum, hélt 35 kynningar um starf og verkefni UN Women í grunn- og framhaldsskólum landsins auk þess að stíga inn og aðstoða við framkvæmd og utnumhald við stærstu viðburði landsnefndarinnar á árinu. Ungmennaráðið skipulagði og stýrði einnig sjálfstætt fjölmörgum viðburðum til að mynda stóð ráðið fyrir bókaþingum í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars, héldu kaffihúskvöld á Loft Hostel þar sem tvær ungar konur sem flúið hafa heimkynni sín sögðu frá sinni reynslu af því að flýja heimaland sitt. Settu á laggirnar styrktarsýningu Improv Ísland þar sem allur ágóði sýningarinnar rann til verkefna UN Women, héldu styrktarþing, uppstandskvöld auk þess sem Ungmennaráðið skipulagði og stýrði viðburðinum Bjór og bindi í samstarfi við breska sendiráðið og utanríkisráðuneytið þar sem malavíski rapparinn Tay Grin tróð upp ásamt íslensku tónlistarfólki.



Samstarf við utanríkisráðuneytið

Landsnefnd UN Women á Íslandi og utanríkisráðuneytið (UTN) eiga í farsælu samstarfi. Samstarfið gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd og samþættingu tveggja lykilmarkmiða í utanríkisstefnu Íslands, þ.e. að styðja við jafnrétti kynjanna og efla þróunarsamvinnu. Samstarfið er afar gagnlegt og eykur upplýsingaflæði milli utanríkisráðuneytisins, starfsfólks landsnefndarinnar, höfuðstöðva UN Women í New York og fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Samstarfssamningurinn felur í sér ómetanlegt fjárframlag ráðuneytisins til UN Women á Íslandi sem gerir landsnefndinni kleift að vekja almenn- ing á Íslandi til vitundar um málefni kvenna, kynjajafnrétti og verkefni UN Women víða um heim. Landsnefndin veitir ráðuneytinu ráðgjöf og umsagnir vegna málefna hvað varðar valdeflingu kvenna og kynjajafnrétti á alþjóðavettvangi auk þess sem hún sinnir fræðslu um ályktun öryggisráð Sameinuðu þjóðanna númer 1325 er varðar konur, frið og öryggi fyrir friðargæsluliða og aðra útsenda sérfræðinga á vegum íslenska ríkisins. Síðast en ekki síst leiðir landsnefndin vitundarvakningu um alþjóðlega hreyfingu UN Women, HeForShe sem hvetur sérstaklega karlmenn og stráka til að taka þátt í baráttunni fyrir kynjajafnrétti.

Á árinu 2017 námu samanlögð framlög utanríkisráðuneytisins til UN Women 233.7 milljónum króna. Veitt var kjarnaframlag til UN Women sem nam 132.1 milljónum króna en kjarnaframlagið er afar mikilvægt UN Women þar sem stofnunin er ung og í örum vexti. Framlagið tryggir stofnuninni svigrúm til að veita fé til aðkallandi verkefna á átaka- og hamfarsvæðum þar sem þörfin er mest og bregðast þarf skjótt við. Framlag til landsnefndar UN Women á Íslandi nam 13 milljónum króna sem gerir landsnefndinni kleift að styrkja stöðu sína og vaxa enn frekar. Líkt og áður voru veitt framlög til ákveðinna verkefna UN Women. Tæplega 22 milljóna króna framlag var veitt til verkefna UN Women í Afganistan og Palestínu. Veitt var 37 milljóna króna framlagi til 1325 verkefnis UN Women í Mósambík sem tryggir að sjónum sé beint að jafn-

rétti og valdeflingu kvenna og stúlkna í ferlum og áætlunum sem stuðla að friði, öryggi og endurreisn í mósambísku samfélagi. Auk þess sem 22.5 milljóna króna framlag var veitt til verkefna UN Women í Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu. Þar að auki sem 7 milljóna króna framlag var veitt til útsends sérfræðings á landsskrifstofu UN Women í Jórdaníu.

Landsnefnd UN Women á Íslandi er afar þakklát því ómetanlega samstarfi sem hún á við utanríkisráðuneytið. Stofnun UN Women er ein af fjórum lykilstofnunum í þróunarsamvinnu á Íslandi og eru jafnréttismál þverlæg í öllum verkefnum Íslands. Fyrir vikið er kynjajafnrétti og barátta fyrir bættum hag kvenna um allan heim einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu og er landsnefndin stolt að styðja við þá vinnu í gegnum þetta farsæla samstarf.



Fjármál

Tekjur á árinu 2017 námu rúmlega 170 m.kr. og jukust um tæp 43% milli ára. Framlög mánaðarlegra styrktaraðila voru eins og undanfarin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna og námu um 94,6 m.kr. Rekstrartekjur og aðrir styrkir námu rúmum 45 m.kr., þar af voru annars vegar um 15,7 m.kr. tekjur vegna söluvarnings sem er aukning um 83% milli ára og hins vegar voru söfnunartekjur tæplega 30 m.kr. og jukust þær einnig verulega.

Framlag landsnefndarinnar til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2017 nam um 94 m.kr. og jókst um 27 m.kr. frá fyrra ári. Framlöginn gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem hafa lítinn fjárhagslegan stuðning og bregðast við neyð á borð við náttúruhamfarir eða farsóttir. Líkt og undanfarin ár styrkti landsnefndin Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum sem og verkefnið Öruggar borgir sem miðar að því að skapa konum og stúlkum öruggt líf í borgum. Síðast en ekki síst studdi landsnefndin ötullega við griðastaði kvenna á flóttu frá Sýrlandi sem dvelja í Zaatarí flóttamannabúðunum í Jórdaníu.

Gildandi samstarfssamningur landsnefndarinnar og utanríkisráðuneytisins hefur í för með sér samstarf á ýmsum sviðum, m.a. hefur landsnefndin umsjón með fræðslu friðargæsluliða sem eru sendir í verkefni á vegum ráðuneytisins og vitundarvakningu um alþjóðlega HeForShe hreyfingu UN Women. Tekjur landsnefndar af samningnum voru 13 m.kr. sem einkum eru ætlaðar til kynningarmála. Á árinu 2017 veitti utanríkisráðuneytið einnig styrk til landsnefndarinnar að upphæð 4 m.kr. til að þróa Barbershop verkfærakistu sem hluta af HeForShe alþjóðahreyfingunni sem afhent hefur verið höfuðstöðvum

Helstu tekjur og gjöld

Tekjur

Söfnunarfé Systralagsins	94.641.261
Félagsgjöld	972.500
Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið	13.000.000
Styrkir til reksturs	16.866.428
Aðrar rekstrartekjur og styrkir	45.125.904
Samtals	170.606.093

Útgjöld

Kostnaður vegna fjáröflunar	19.653.789
Kostnaður vegna fræðslu og kynningarstarfs	8.864.867
Viðburðir	20.913.198
Annar rekstrarkostnaður þ.m.t. réttindagæsla	27.886.247
Samtals	77.318.101

Framlög til verkefna UN Women

Griðastaðir Zaatarí	18.000.000
Öruggar borgir	19.184.009
Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum	21.571.700
Framlag í kjarnasjóð UN Women	35.295.656
Heildarframlag til verkefna UN Women	94.051.365


UN Women í NY. Aðrir rekstrarstyrkir til landsnefndarinnar námu tæplega 17 m.kr. og greiddu félagsmenn tæplega 1 m.kr. í félagsgjöld.

Fjölgun mánaðarlegra styrktaraðila gegndi að vanda veigamiklum þætti í fjáröflun samtakanna á árinu 2017 enda er það framlag þeirra sem gerir landsnefndinni kleift að styrkja stoðir reksturs samtakanna og tryggja viðvarandi framlög til verkefna UN Women í fátækustu löndum heims og þar sem


neyðin er hvað mest. Kostnaður við fjáröflun, kynningarmál, stjórnun og rekstur skrifstofu hækkaði talsvert á árinu 2017 en hann nam rúmum 77 m.kr. Hækkunin endurspeglar aukin umsvif félagsins, aukinn herferðar- og birtingarkostnað, landsnefndarfund sem haldinn var á Íslandi og starfsmannabreytingar. Styrkir frá hinu opinbera og fyrirtækjum fjármögnuðu að öllu leyti þennan kostnað. Á árinu fór landsnefndin í fyrsta sinn að skoða verkefni UN Women á vettvangi og tók upp eigið efni í Zaatarí flóttamannabúðunum í Jórdaníu. Úr varð stærsta og umfangsmesta herferð sem landsnefndin hefur staðið fyrir. Herferðin safnaði 18 m.kr. sem er hæsta upphæð sem landsnefndin hefur safnað í einni herferð.

Í fyrsta sinn á árinu 2017 studdu höfuðstöðvar UN Women við vöxt landsnefndarinnar með rúmlega 3 m.kr. fjárframlagi ásamt því að heimila henni tímabundið að halda eftir herra hlutfalli af framlögum til að fjárfesta í fjölgun mánaðarlegra styrktaraðila og tryggja þannig viðvarandi hækkun á framlagi til alþjóðlegra verkefna UN Women. Frá og með árinu 2019 verður framtíðarframlag landsnefndar til verkefna 75% af söfnunartekjum en á árinu 2017 sendi landsnefndin 68% af söfnunartekjum og var framlagið um 94 m.kr. sem er tæplega 40% hækkun frá árinu áður.

Skipting framlaga til UN Women á Íslandi árið 2017



Framlög til verkefna UN Women 2017



Overview

Fundraising

Monthly donations

To fulfill its mission of increasing gender equality and empowering women, UN Women relies solely on voluntary contributions from the public in the form of monthly donations and grants from the private sector. The number of monthly donors, the heart of the NCI, continues to be the organization's main fundraising source and has increased steadily since 2009. The NCI maintained its committed support to the United Nations Trust Fund to End Violence against Women along with Core contributions that fund the bedrock of UN Women's programmes. The NCI also supported two different UN Women initiatives: First, The *Safe Cities Global Initiative*, which is the first-ever global programme that develops, implements and evaluates tools, policies and comprehensive approaches to the prevention of, and response to, sexual harassment and other forms of sexual violence against women and girls

in different settings in cities all over the world. The NCI also supported UN Women's Oasis, safe spaces for women to seek support and skills training in Jordan's Zaatari Refugee Camp, by visiting the camp with a film crew and recording fundraising material there which then was featured extensively in Icelandic media. By the end of 2017 the number of monthly donors was over 6.000. Of those, 75 percent of new donors were women and 25 percent were men. Loyal monthly givers enable the NCI to send the highest total contribution of all National Committees not per capita to projects supported by UN Women all over the world.

New monthly donors

The TM center is the NCI's most effective strategy for growing the number of monthly donors with almost 60 percent of the year's individual sign-ups occurring through TM. The NCI also continued with Face2Face fundraising. These events held in the Reykjavík area

have proven to be an effective way of exposing the public to informative public dialogues about gender equality and signing up new monthly donors. Both the TM center and the fundraising events are run by young, passionate part-time staff members.

Women of Zaatari

The NCI planned and went on its first trip into the field, visiting the world's third largest refugee camp, Zaatari, in Jordan. Accompanied by the First Lady of Iceland, the team visited UN Women's three safe spaces there which serve 16,000 refugees every year. In the centers, UN Women enables economic empowerment by organizing cash for work, paired with community engagement and protection services, and provides life skills training through literacy, Arabic classes, computer classes, and tagged with day care facilities. UN Women also provides protection referral services on a multitude of issues ranging from sexual and gender-based violence to legal status and disability, awareness raising and engagement of men and boys in SGBV response and prevention. Upon returning to Iceland, the group made five educational videos ending with a strong call to action message for TV and social media. These went viral; almost 500 new monthly donors signed up during the campaign and the NCI raised approx. 180.000 USD in one-time donations.

Donation Boxes

The NCI continues its distribution of special donation boxes to all major cafés, restaurants and shops in the greater Reykjavík area as well as in selected branches of Landsbankinn, one of the country's major banks. This fundraising technique has become a





steady source of income for the NCI, bringing in about 6.500 USD per year.

The Reykjavík Marathon

Over 5.000 USD were raised by runners for the NCI at the annual Reykjavík Marathon. We are grateful to the group of runners who ran to support UN Women.

Gift Certificates

The NCI's gift certificates make great presents for those who prefer to give symbolic gifts that continue to give. The NCI has also received bigger donations from trusted benefactors who on important occasions such as baptisms and major anniversaries have requested that friends and family donate to the NCI instead of giving them conventional presents,

Awareness Raising

One Billion Rising

The NCI celebrated One Billion Rising for the fifth time in collaboration with the music festival Sónar Reykjavík. Approximately 3.500 people around the country rose up and danced against gender-based violence one sunny Friday lunch break in February. The event took place at Harpa Concert Hall in Reykjavík, and in Akureyri, Ísafjörður, Seyðisfjörður, Rífi Snæfellsnesi, Hvammstanga, Reykjanesbær, Höfn í Hornafirði and Neskaupstaður.

Candle Light March

On November 25th, in honor of The International Day for the Elimination of Violence against Women the NCI held its annual Candle Light March. This year, the NCI honored four women, Anna Katrín, Glódís Tara, Halla Ólöf

and Nína Rún, who had all been sexually abused by a man who later received a civil pardon from the Icelandic government. They led a procession of hundreds through the streets of downtown Reykjavík. Never before have so many people participated in the march.

Workplace and School Visits

Members of the NCI's Youth Council as well as staff members of the NCI visited different schools and workplaces to promote the work of UN Women. The enthusiastic Youth Council visited many schools throughout the year as well as raising awareness about UN Women and the NCI through various events at universities and other venues.

Conference on Equal Rights Affairs

Vodafone received the fourth annual Award for Gender Equality in the Workplace from the NCI in collaboration with Festa – the Icelandic Center for Corporate Social Responsibility, SA – Business Iceland and the Ministry of Tourism, Industry and Innovation, on September 26th 2017. The award was handed out by Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, Minister of Tourism, Industry and Innovation, at a collaborative conference on gender equality and equal opportunities for both women and men in the labour market. The goal of the award is to encourage companies in Iceland to work towards achieving gender equality in all aspects of their businesses. Speakers at the conference were Birna Einarsdóttir of Íslandsbanki, which had received the award in 2016, Heiðrún Lind Marteinsdóttir of Fisheries Iceland and Gyða Margrét Pétursdóttir, Associate Professor in Gender Studies at the University of Iceland.

The Barbershop Toolbox launch

The Barbershop Toolbox was launched at the United Nations Headquarters in New York City. Building on successful Barbershop Conferences organized around the world, which have created a space for men and boys to engage in gender equality discussions, the NCI in collaboration with the Government of Iceland developed a Barber-shop toolbox that was handed over to UN Women. The toolkit will enable supporters to replicate the discussion in their communities, workplaces, and schools and hopefully change the discourse among men and boys on gender.

Advocacy

Government support

The NCI and the Ministry for Foreign Affairs have an ongoing recognition agreement. According to the agreement, the MFA contributed approx. 131.000 USD to the NCI in 2017. The NCI, in return, works closely with the Ministry on issues relating to women's empowerment and development. Special emphasis is on the Security Council's Resolution 1325, regarding women, peace and security and other related resolutions as well as all awareness raising for the HeForShe Movement.

UN Women continues to receive support from the Icelandic Government and is one of four core groups receiving funding from the Ministry of Foreign Affairs. The Ministry has fulfilled its commitment to the cause with approx. 2.4 million USD. The financial support includes a core contribution to UN Women, the UN Trust Fund to End Violence against Women as well as other smaller contributions to other UN Women's initiatives in Afghanistan, Palestine, Mozambique and Jordan.



Stjórn UN Women á Íslandi.

Frá vinstri; Magnús Orri Schram, Þórey Vilhjálmisdóttir, Kristín Ögmundsdóttir, Elin Hrefna Ólafsdóttir, Arna Grímsdóttir, Karen Áslaug Vignisdóttir, Fanney Karlsdóttir og Örn Úlfar Sævarsson. Á myndina vantar Soffíu Sigurgeirsdóttur. Stjórnin starfar í sjálfboðavinnu og kann landsnefnd UN Women á Íslandi þeim kærar þakkir fyrir.

Við erum UN Women árið 2017-2018

Formaður

Arna Grímsdóttir

Varaformaður

Fanney Karlsdóttir

Gjaldkeri

Karen Áslaug Vignisdóttir

Stjórnarmeðlimir

Elin Hrefna Ólafsdóttir

Kristín Ögmundsdóttir

Magnús Orri Schram

Soffía Sigurgeirsdóttir

Örn Úlfar Sævarsson

Þórey Vilhjálmisdóttir

Aðalfundur landsnefndar UN Women á Íslandi var haldinn 24. apríl í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna við Laugaveg 176 og tók þá ofantalin stjórn til starfa. Guðrún Ögmundsdóttir fráfarandi formaður samtakanna gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu formanns. Hún var starfandi formaður í fjögur ár og eru henni færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu kvenna á heimsvísu. Arna Grímsdóttir gaf kost á sér til formannssetu, var ein til þess að bjóða sig fram og var því sjálfkjörin.

Tveir nýir stjórnarmeðlimir tóku sæti í stjórn, Kristín Ögmundsdóttir og Þórey Vilhjálmisdóttir, sem áður hefur setið í stjórn samtakanna. Ólafur Þ. Stephensen og Kristjana Sigurbjörnsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og er þeim þakkað kærlega fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

Starfskonur landsnefndar UN Women á Íslandi 2017:

Framkvæmdastýra, Stella Samúelsdóttir (tók við í júlí af Ingu Dóru Pétursdóttur)

Fjáröflunarstýra, Snædís Baldursdóttir

Herferðarstýra, Hanna Eiríksdóttir (í fæðingarorlofi frá október)

Brynja Huld Óskarsdóttir tók þá við stöðu herferðarstýru

Kynningarstýra, Marta Goðadóttir

Þakkir

Alvogen

Anna Katrín Snorradóttir, Glódís Tara, Halla Ólöf Jónsdóttir og

Nína Rún Bergsdóttir

Baldur Már Arngrímsson

Diljá Ámundadóttir

DJ Margeir

Döðlur

Eliza Reid

Hjálmar

Hörður Ásbjörnsson

Guðni Th. Jóhannesson, Forseti Íslands

Guðrún Ögmundsdóttir

iglo+indi

Inga Dóra Pétursdóttir

Joe & the Juice

Landsbankinn

Kringlan

Marathonhlauparar

Oddi

Pipar

Reitir fasteignafélag hf.

RÚV

Saga Sig

Seglagerðir Ægir

Sjálfboðaliðar á Milljarður rís

Sónar Reykjavík

Starfsfólk Hörpu

Svala Björgvinsdóttir

Te & Kaffi

Tobba Ólafsdóttir

Ungmennaráð UN Women

Vodafone

Allir sem komu að Milljarður rís á Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði,

Egilsstöðum, Hvammstanga, Rífi, Neskaupstað, Reykjanesbæ og

Höfn í Hornafirði.